

Fundargerð 46. fundar

félagsþjónustunefndar sambandsins

Árið 2019, þriðjudaginn 12. nóvember kl. 12:00 kom félagsþjónustunefnd sambandsins saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Friðrik Már Sigurðsson, Guðrún Sigurðardóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Ólafur Þór Ólafsson og Rannveig Einarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur og María Ingebjörg Kristjánsdóttir félagsþjónustufulltrúi, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skýrsla starfshóps heilbrigðisráðuneytisins um hjálpartæki - 1810039SA

Lögð fram skýrsla starfshóps um hjálpartæki, dags. í september 2019.

Tillögur hópsins eru í sex liðum og snúa meðal annars að greiðslupátttöku, afgreiðslu og úthlutun hjálpartækja, mati á þörf fólks fyrir hjálpartæki, innleiðingu nýjunga og upplýsingamiðlun til notenda hjálpartækja. Að mati hópsins þarf að endurskoða reglugerðir sem lúta að hjálpartækjum í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks ásamt fleiri reglugerðum. Áhersla hópsins er á einföldun kerfisins og það verði á einni hendi, þ.e á ábyrgð ríkisins.

Skýrslunni hefur verið vísað til Samráðsnefndar um ábyrgðar- og verkaskiptingu í opinberri þjónustu, sem mun leggja fram tillögur um reglugerðarbreytingar og kostnaðarmat.

2. Akstursþjónusta í rýmum og úrræðum skv. lögum um málefni aldraðra - 1911005SA

Lagt fram minnisblað sambandsins dags. 6. nóvember 2019 um akstursþjónustu í rýmum og úrræðum skv. lögum um málefni aldraðra.

Nefndarmenn ræddu um akstursþjónustu aldraðra einstaklinga á hjúkrunarheimilum og þá takmörkuðu akstursþjónustu sem hjúkrunarheimilin veita, en einungis er komið á mótis við ferðir vegna læknisheimsóknna. Hætta er á félagslegri einangrun þar sem einstaklingum stendur ekki til boða akstur til að heimsækja sína nánustu og taka þátt í einstaka viðburðum. Kostnaður fyrir einstakling að leigja sérútbúinn bíl er rúmur helmingur af þeim ráðstöfunartekjum sem viðkomandi hefur á mánuði. Löggjafinn er skýr um að það er ekki á ábyrgð sveitarfélaga að veita akstursþjónustu inn á hjúkrunarheimilum. Þar sem hjúkrunarheimilin hafa ekki komið á mótis við íbúanna er erfitt fyrir sveitarfélögin að taka ekki afstöðu með íbúum og koma á mótis við þarfir þeirra og veita akstursþjónustu í sérstökum tilvikum. Hætta er á því, þrátt fyrir skýra löggjöf, að þessi þjónusta verði að lokum á ábyrgð sveitarfélaga þar sem þau eiga erfitt með að neita íbúum um sjálfsögð mannréttindi.

Nefndin óskar eftir að sambandið kanni hjá sveitarfélögum fjölda beiðna sem berast

vegna akstursþjónustu aldraðra einstaklinga á hjúkrunarheimilum til að átta sig á umfangi þessarar þjónustu.

3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni - neyslurými. - 1904036SA

Lögð fram umsögn sambandsins um neyslurými.

Að mati nefndarmanna er málið illa unnið hjá ráðuneytinu. Málið var áður til umsagnar í apríl. s.l. og hefur ekki verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem bárust þá. Neyslurými eru heilbrigðisþjónusta og ekki hægt að setja hana á ábyrgð sveitarfélaga eins og tillaga er um í þessu frumvarpi.

Félagsþjónustunefnd gerir alvarlegar athugasemdir við að ekki var brugðist við rökstuddum athugasemdum sveitarfélaga og sambandsins á fyrri stigum málsins. Það er óásættanlegt að verkefni sem er að uppistöðu til heilbrigðisþjónusta, flytji án undirbúnings til sveitarfélaga. Af þessum ástæðum telur nefndin verkefnið ótímabært með öllu, en áréttar vilja sveitarfélaga að samþætta þjónustu í þágu notenda. Gera þarf þjónustusamning um þessa heilbrigðisþjónustu enda er hún ekki á ábyrgð sveitarfélaga.

4. Samráðsnefnd um ábyrgðar- og verkaskiptingu í opinberri þjónustu - 1801025SA

Lagðar fram til kynningar fjórar fundargerðir Grábókarnefndar dags. 22.05., 05.06., 19.06. og 8.10.2019 og farið yfir helstu verkefni nefndarinnar.

5. Starfshópur um geðrækt í skólum - 1810072SA

Lagt fram til kynningar Skýrsla starfshóps um geðrækt, forvarnir og stuðning við börn og ungmenni í skólum á Íslandi október 2019.

Í skýrslunni er lögð áhersla á mikilvægi samvinnu heilsugæslu, skóla, og félagsþjónustu. Ákveðið að hafa sameiginlega fund félagsþjónustu og fræðslunefndar sambandsins í janúar n.k.

6. Staða helstu verkefna sem heyra undir félagsþjónustunefnd, umsagnir o. fl. - 1810074SA

Lagt fram minnisblað um stöðu helstu verkefna dags. 7. nóvember 2019.

7. Önnur mál - 1911010SA

a) Nýtt fyrirkomulag Samræmdrar móttöku flóttafólks.

Rannveig og Tryggvi gerðu grein fyrir stöðu mála. Viðræður standa yfir millli ríkis og sveitarfélaga um fjárhagslega samskipt vegna innleiðingar verkefnisins. Það liggur fyrir kröfulýsing sem verið er að kostnaðarmeta og þarf að gæta að því að ekki halli á sveitarfélögin í þessum viðræðum.

b) Ráðstefna um málefni fatlaðs fólks.

Landssamtökin Þorskahjálpu komu nýlega með þá hugmynd að halda stóra ráðstefnu í tiefni að 10 ár væru frá yfirfærslu málaflokksins. Lagt er upp með að fá aðkomu sem flestra að ráðstefnunni, ráðuneyta og allra helstu hagsmunasamtaka og að skipaður yrði undirbúningshópur snemma á næsta ári.

Nefndin tók vel í að haldin yrði stór ráðstefna í byrjun árs 2021 í tilefni af því að 10 ár eru frá yfirfærslu málefna fatlaðs fólks til sveitarfélaganna.

Fundi var slitið kl. 13:30

Friðrik Már Sigurðsson

Guðrún Sigurðardóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Rannveig Einarsdóttir